



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### ***Umsögn um tillögu Sjálfstæðisflokksins um færanlegar kennslustofur við leikskóla***

Á fundi borgarráðs þann 18. ágúst 2022 var svohljóðandi tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um færanlegar kennslustofur við leikskóla vísað til umsagnar fjármála- og áhættustýringarsviðs og skóla- og frístundasviðs sem skulu vinna að sameiginlegri umsögn í samvinnu við stýrihóp um uppbyggingu leikskóla í Reykjavík ík:

*Lagt er til að komið verði fyrir færanlegum kennslustofum á lóðum þeirra leikskóla þar sem aðstæður eru fyrir hendi í þeirri viðleitni að fjölga leikskólarýmum á meðan unnið er að varanlegum lausnum. Slíkar lausnir eru nærtækar og hafa þann kost að hægt er að nýta þá innviði sem til staðar eru. Með því móti yrði hægt að flýta fyrir inntöku og aðlögun þeirra barna sem eru á biðlista.*

### **Umsögn**

Brúum bilið hópurinn hefur unnið að því frá árinu 2018 að greina þörfina á færanlegum kennslustofum á lóð leikskóla í hverfum þar sem eftirsókn eftir leikskólaplássi hefur verið mikil. Nú þegar hafa verið sett niður aukahús á lóðir leikskólanna Maríuborgar, Hofs, Jöklaborgar, Kvistaborgar, Funaborgar, Seljakots og Gullborgar. Væntanleg eru tvö aukahús á lóð Hagaborgar sem stefnt er að því að verði tekin í notkun í nóvember. Í leikskólanum Borg (Fálkaborg) er verið að meta hvort sett verði á lóðina færanleg eining eða varanleg viðbygging. Stýrihópur um uppbyggingu leikskóla mun halda áfram að skoða þörfina á leikskólarýmum og rýna í ákjósanlegar staðsetningar fyrir færanlegar kennslustofur á lóðum leikskóla í borginni.

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur yfirfarið umsögnina og gerir ekki athugasemdir.

Virðingarfyllt,  
Helgi Grímsson,  
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar